

## Um verkið

*Sagan um Ignaure (Lays d'Ignaure)* er stutt ljóðsaga, saga í bundnu máli, frá fyrri hluta 13. aldar.<sup>1</sup> Hún hefur varðveist í einu handriti (Bibliothèque Nationale de France, fr. 1553) frá síðari hluta 13. aldar, líklega 1285–1290. Höfundur hennar er óþekktur en nafninu Renault bregður fyrir undir lok verksins. Ekki er vitað með vissu hver sá Renault er: höfundur ljóðsögunnar eða farandsöngvari sem gaf höfundinum hugmyndina að verkinu?<sup>2</sup> Hér segir frá ungum riddara, Ignaure, sem er ástmaður tólf giftra kvenna. Allar telja þær sig sitja einar að honum en annað kemur í ljós á Jónsmessu þegar konunum verður ljóst að sami maðurinn elskar þær allar. Þeim verður illa við en verra er þegar eiginmenn þeirra komast að því að konur þeirra hafa verið þeim ótrúar og klófesta sökudólginn. Þeir refsfa elskhuganum og eiginkonunum tólf grimmilega með því að útbúa girnilegan málsverð úr hjarta og getnaðarlim elskhugans og gabba konurnar til að borða þann sem þær elskuðu hvað heitast. Konurnar ná einnig fram hefndum með því að svelta sig í hel eftir að hafa notið þessarar einstöku máltíðar.

*Sagan um Ignaure* er að mörgu leyti líkari fábiljum (fr. *fabliau*), þ.e. stuttum gamansömum – og oft tvíræðum – verkum, en hefðbundnari hirðbókmenntum, s.s. ljóðsögum Marie de France og riddarasögum Chrétiens de Troyes. Hér er gert grín að ástinni og blindni þeirra sem láta hana ná tökum á sér. Ignaure er maður gleði, glaums og ásta eins og sést strax og hann er kynntur til leiks því að maímánuður er sá árstími sem gjarnan er nefndur í ástarkvæðum trúbadúra. Þá er vorið komið á ný og allt iðar af lífi. Konurnar elska hann og honum hefur tekist að verða ástmaður þeirra allra án þess að nokkur taki eftir því, þrátt fyrir lífsgleðina sem fylgir honum. Eiginmennirnir kokkáluðu, sem ráða ráðum sínum, minna á jafn-

1 Hér er stuðst við útgáfu Glyn S. Burgess og Leslie C. Brook frá árinu 2010.

2 Renaud de Beaujeu eða Renaud de saint Trivier er höfundur ljóðsögunnar *Le Bel Inconnu*. Lengi var ljóðsagan um Ignaure eignuð sama höfundi; Burgess, Brook 2010: 8–10.

ingjana tólf sem fylgja Karlamagnúsi keisara og hjálpa honum að leysa úr erfiðum málum. Verkið er gamansamt og engum er hlíft. Þó ber umgjörð þess og orðræða greinileg merki hinnar hæversku ástar (fr. *fin'amor*) sem átti upptök sín hjá trúbadúrum í suðurhluta Frakklands.

Bent hefur verið á að þrátt fyrir mikilvægi hinnar svokölluðu hæversku ástar hafi viðhorf til framhjáhalds, og þá einkum þegar konur áttu í hlut, verið óvægin. Filippus hertogi af Flæmingjalandi mun til dæmis hafa látið drekkja elskhuga konu sinnar, Isabellu af Vermandois (Kay 2000: 82). Í sögunni um Tristan og Yseut eftir Bérout er elskendunum refsað grimmilega þegar upp kemst um ástir þeirra. Mark konungur ákveður að brenna þau bæði á báli en svo fer að Tristan leggur á flóttu. Þá ákveður konungur að afhenda drottninguna hópi holdsveikra manna en almennt var talið að þeir hefðu mikla löngun til kvenna (Jacquart, Thomasset 1985: 253). Var sú refsing verri en bálkósturinn en Tristan bjargar drottningunni og þau búa um sig í kofa í skóginum (Bérout 1995: 26–37, ll. 881–1276).

Í hjartanu bjó ástin og tilfinningarnar en einnig hugrekki, hugsanir og þrá. Þegar elskendur gefa hvor öðrum hjartað í sér er að sjálfsgöðu átt við hjartað í óeiginlegri merkingu. Hér gerir höfundur sér leik að því að rífa hjartað úr aðalsöguhetjunni í bókstaflegri merkingu, matreiða og bera fram. Matur og ástir hafa löngum átt samleið og hér er greinilega spilað á þá strengi: þegar elskhuginn hefur verið klófestur fasta konurnar allar sem ein þar til þær fallast á að gæða sér á getnaðarlimi hans og hjarta. Þótt hjartað virðist hér fá að fljóta með í pottinn eins og hálfgerður aukabiti (l. 545) tilheyrir *Ignauere* hópi verka sem kölluð eru „sögur af hjartaáti“ (e. *eaten heart stories/tales*); í þeim er kona ótrú eiginmanninum sem drepur elskhuga hennar, rífur úr honum hjartað og býr til úr því málsverð. Konan borðar matinn án þess að vita hvað er í honum en þegar hún fréttir hvað hún hefur látið sér til munns, segir hún manni sínum að rétturinn hafi verið sérlega ljúffengur og oftast en ekki bindur hún svo enda á líf sitt.

Þessi blóðugi þráður hefur nýst mörgum höfundum í gegnum tíðina en a.m.k. tvær frásagnir munu vera eldri en ljóðsagan sem hér

er þýdd.<sup>3</sup> Er önnur þeirra ljóðsagan um Guiron (*Guiron*) sem minnst er á í broti af Sögunni um Tristan og Yseut (*Tristan et Yseut*) eftir Thomas sem er frá síðari hluta 12. aldar. Þar syngur Yseut drottning, þjökuð af áhyggjum af Tristan, kvæðið um Guiron sem er gripinn af eiginmanni ástkonu sinnar sem lætur svo plata sig til að borða hjarta elskhugans (Thomas 1995: 150–151, ll. 987–1000). Hitt verkið er kvæði eftir Arnaut Guilhelm de Marsan frá um 1170–1180 þar sem elskhuginn ber nafnið Linaura (Burgess, Brook 2010: 13–15). Auk þess minnst Chrétien de Troyes á riddarann Ignaure „sem elskar konur“ í rómönsunni *Lancelot eða kerruriddarinn* (Chrétien de Troyes 1994: 650, ll. 5793–5799) sem er frá svipuðum tíma. Þetta bendir til þess að áheyrendur á síðari hluta 12. aldar hafi verið kunnugir þessari sögu þótt ástmaðurinn hafi gengið undir ólíkum nöfnum. Fleiri verk frá miðöldum og seinni tímum segja svipaða sögu en þau verða ekki talin upp hér (Di Maio 2005; Burgess, Brook 2010: 22–37).

Ljóðsagan um óheppna elskhugann Ignaure er samtals 665 ljóðlínur og telja þær flestar átta atkvæði. Hér er verkinu snúið yfir á óbundið mál en að öðru leyti hef ég reynt að fylgja frumtexta af eins mikilli nákvæmni og hægt er. Kvæðið er ýmist kallað *Ignaure* eða *Lai d'Ignaure*. Í lokálínum ljóðsins er það svo kallað „lays del Prison“ (l. 621), Fangaljóðið eða Sagan um fangann, og á það heiti líka ágætlega við innihald verksins, ekki síst þegar haft er í huga að ástinni er gjarnan líkt við ljúfa prísund í kvæðum sem um hana fjalla og eru frá svipuðum tíma og *Ignaure*.

---

3 Skiptar skoðanir eru um fjölda þessara verka; Burgess, Brook 2010: 22–24.

## HEIMILDIR

- Béroul. 1995. *Tristan et Yseut*. Útg. Daniel Poirion. *Tristan et Yseut. Les premières versions européennes*. Ritstj. Christiane Marchello-Nizia. París: Gallimard.
- Chrétien de Troyes. 1994. *Lancelot ou le Chevalier de la Charrette*. Útg. Daniel Poirion. *Œuvres complètes*. Ritstj. Daniel Poirion. París: Gallimard.
- Le Cœur mangé : récits érotiques et courtois des XIIe et XIIIe siècles*. 1979. Danielle Régnier-Boher sneri á nútímafrönsku og skrifar eftirmála. París: Stock.
- Di Maio, Mariella. 2005 (©1996). *Le Cœur mangé: histoire d'un thème littéraire du Moyen Age au XIXe siècle*. Þýtt úr ítölsku af Anne Bouffard. París: Presses de l'Université Paris-Sorbonne.
- Kay, Sarah. 2000. „Courts, clerics and courtly love“. *The Cambridge Companion to Medieval Romance*. Útg. Roberta Krueger. Cambridge: Cambridge University Press, bls. 81–96.
- The Old French Lays of Iguauré, Oiselet and Amours*. 2010. Útg. og þýtt af Glyn S. Burgess og Leslie C. Brook. Cambridge: D.S. Brewer.
- Thomas. 1995. *Tristan et Yseut*. Útg. Christiane Marchello-Nizia. *Tristan et Yseut. Les premières versions européennes*. Ritstj. Christiane Marchello-Nizia. París: Gallimard.
- Thomasset, Claude og Jacquart, Danielle. 1985. *Sexualité et savoir médical au Moyen Âge*. París: Presses Universitaires de France.